



Tákn

Sneiðing í byggingahluta



Snið B, kynnt á teikningu nr. 205

Sérmynd



Sérmynd C, kynnt á teikningu nr. 205

41,23

Gólfhæð/kóti = 41,23 m

23,00

Kóti = 23,00 í sniði

Yfirborð jarðvegs og fyllinga

Yfirborð klappar / möhellu

Yfirborð klappar / möhellu

Mál og málsetningar

Mál eru í millimetrum [mm]
Hæðarkótar eru í [m]

Staðlar

Polhönnun húsa er í samræmi við ÍST-EN staðla. Meðfylgjandi staðlar gilda:

- ÍST-EN 1990 ; ÍST-EN 1991 ; ÍST-EN 1993 ; ÍST-EN 1995 ; ÍST-EN 1998
- Íslenskir þjóðarviðaukar við evrópska polhönnunarstaðla 2010.

Grunnstærðir álag

Notálag á gólf : q_k = 3,0 kN/m² ; Q_k = 4,0 kN

Vindálag : q_{max} = 1,51 kN/m² ; (v_b = 36 m/s, z₀=0,05, og z_{min}=2,0)

Snjóálag : S_k = 2,1 kN/m² (Svæði 1)

Jarðskjálftaálag, grunnhröðun a= 0,2

Grundun

Undirstöðujarðvegur undir hús er klópp eða þjöppuð frostfrí fylling. Nafnágla á jarðveg 0,1 MN/m²

Fylling skal þjöppuð undir undirstöður þannig að hún uppfylli E2 > 120 MPa og E2/E1 < 2,5.

Stálvirki

Stál

Stál (t.d. í bitum og stálfestingum) er S235 skv. ÍST EN 1993. Stál skal grunna með alkýð-olíubundnum ryðvarnargrunni.

Suður

Suðuefni skal uppfylla kröfur DS317.1 (prEN499 og prEN758) eða sambærilegra staðla, það skal valið þannig að styrkur þess eftir suðu sé a.m.k. jafn styrk grunnefnisins. Suðuvinnu skal framkvæma af suðumönnum sem hafa hæfnispróf samkvæmt ÍST EN 287-1.

Boltar

Til festingar á timbri og stáli

Boltar/snittteinar eru í styrkleikaflokki 5.8 eða betra.

Boltar eru galvanhúðaðir, huldíri boltar rafgalvanhúðaðir en boltar sem verða fyrir veðrun heitgalvanhúðaðir.

Þar sem ekki er annað tekið fram skal undir allar boltarær sem koma að tré, setja skinnur sem eru breidd = 3 x þvermál bolta og þykkt = þvermál bolta/3

Timburfestingar úr stáli.

Festingajám séu CE merkt og heitgalvanhúðuð.

Efni til viðmiðunar er Joma byggebeslag, eða Simpson Strong-Tie.

Saumur og skrúfur.

Allar skrúfur og kambasaumur, sem notuð eru til að festa festingajám við timbur, séu heitgalvanhúðuð.

Annar saumur, þar með talið naglabyssusaumur sé einnig heitgalvanhúðaður.

Tréskrúfur til að festa saman timbur eru rafgalvanhúðaðar. Hefti eru heitgalvanhúðuð.

Trévirki

Almenn efnisgæði.

Viður sé beinn laus við vankanta og kvisti, þannig að hann henti þeim aðstæðum sem hann er notaður til. Allur viður til nota innanhúss sé þurrkaður.

Burðarviður

Í gólfbita, veggjagrind og kraftsperrur í þaki er notaður C18 burðarviður eða betri skv. ÍST EN 1995. Flokkun burðarviðar sé skv. ÍST EN 338:2009.

Krossviður

Krossviður sé límdur með vatnspölnu lími.

Almennt um festingar burðavirkja.

Gólfbitar

Gólfbitar sitji á stálgind og festir við ásoðinn eyru með 12 mm borðaboltum.

Gólfbitar eru í tvennu lagi og skarast á miðjustálbita. Tekið eru úr fyrir eyranu þannig að bitarnir leggjist þétt saman.

Milli gólfbita í endann komi lausholt úr sama efni og gólfbitar. Lausholt séu stikknegls/skrúfuð með 2 stk 4" nöglum eða 2 stk 5x100 skrúfum.

Veggjagrind

Veggjagrind sé byggð upp með fótrem og topprem.

Fótrem langveggja skrúfist fóst ofan í gólfbita með 4stk 6x120 mm skrúfum og 3 stk í hvert lausholt.

Fótrem gaffla skrúfist ofan í gólfbita með 4 stk. 6x120 skrúfum hvor megin við spennu.

Reimar eru festar við stoðir beggja megin, með 105 vinkl með styrkingu. Vinkill sé skrúfaður í reim með 8 stk. 5x40 skrúfum (sjá munstur á teikningu) og 8 stk 5x40 skrúfum í stoð (sjá munstur á teikningu).

Lausholt við glugga og hurðir séu festi við stoðir með með 105 vinkl beggja megin, festing 5 stk 5x40 skrúfur í lausholt og stoð. Vinkill að glugga sé án styrkingar.

Kraftsperrur

Kraftsperrur eru festar saman með gataplötum og skrúfaðar með 5x40 skrúfum eða negldar með 40/40 kambasaum. Fyrirkomulag festinga er sýnd á teikningu 204.

Kraftsperrur eru festar við topprem á veggjagrind með 105 vinkl beggja megin á sama hátt og stoðir og reimar eru festar saman (sjá munstur í teikningu).

Lausholt á milli kraftsperra skal festa með 2stk 5x100 skrúfum í hverja spennu.

Almennt um festingar klæðninga

Gólfklæðning / krossviður

Á gólfbita komi 18 mm krossviður sem skrúfist með 4,5x50 skrúfum m 250 í hver gólfbita, jafnframt komi laski undir öll samskeyti sem sé skrúfaður með sámskonar skrúfum m200,.

Klæðning þaks

Þak skal heilklæða með 25x150 borðum, hvert borð skal negla með 3 stk 31/75 heitgalvanhúðuðum saum. Ekki skal skeyta tvö borð hlið við hlið á sömu spennu og ekki skal skeyta meira en þriðjung borða á sömu spennu. Ofan á klæðningu komi þakpappi af viðurkenndri gerð. Skörun eftir láréttum línum þaks a.m.k 100 en 300 í stefnu þakhalla. Stálklæðning komi ofan á þakpappa. Stálklæðningu skal festa með 40x65 þaksaum með þéttingu, í aðra hverja hábáru, millibil 600. Á samskeytum platna skal negla ystu hábáru millibil 300. Tvöfalda skal almenna neglingu frá þakbrúnunum og 80 cm inn á þakið, millibil 300. Jafnframt skal negla tvær neðstu raðir næst þakbrún með 150 millibil.

Klæðning útveggja

Veggir eru klæddir utan með 9 mm krossvið, negling 3,1x45 saumur m 150, eða 3,5x40 skrúfur m150, eða 1,0x1,2 hefni m50.

Utan á krossvið komi 28x45 loftunarlistar á hverja stoð, festir í gegnum krossvið með 4x50 skrúfum m150.

Bárustál festist í aðra hverja lágbáru, utan á loftunarlista með heitgalvanhúðuðum veggjasaum með þéttingu, litur til samræmis við lit á veggjaklæðningu

Áfellur festast með heitgalvanhúðuðum saum með þéttingu þar sem við á, eða eftir atvikum álhnoðum, litur til samræmis við klæðningu

Samþykkt þann
05 NOV 2012
Byggingafrádráttur í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

A	þykkt á krossvið	PVG	16.10.12
Útg.	Breytingar	Höfundur	Dagur
Verkteikning			

Krúúás 1, færanleg hús, Hafnarfirði			
<p>Strendingur ehf. Verkfræðingafélagið Fjarbergsgata 13-15 - 220 Hafnarfirði Sími 565 1660, fax 565 1661 strendingur@strendingur.is</p>		Burðarbol Skýringar	
Dags Pétur Viberger Guðnason 051163-2730	Dags 08.10.2012	Teikn / höfundur af JW/PVG	
Skýringar 200	Blaðnúmer 200	Blaðnúmer A2	